


# Skrifstofustólar

## Upplýsingar um ábyrgðir



FLINTAN, MARKUS, HATTEFJÄLL,  
JÄRVFJÄLLET, ALEFJÄLL, TROLLBERGET,  
LIDKULLEN, MULLFJÄLLET, LÄKTARE,  
LÅNGFJÄLL og FJÄLLBERGET



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til skrifborðs- og fundarstóla. Þessir skrifstofustólar hafa verið prófaðir fyrir notkun í atvinnuskyni og standast ströngustu kröfur okkar um gæði og öryggi sem fram koma í eftirfarandi stöðlum: EN 1335, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir skrifborðsstóla; EN16139, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir fundarstóla.

Þess vegna getum við boðið 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á öllum hreyfanlegum hlutum og grind stólsins. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

Vörur sem taldar eru upp í þessum bæklingi eru með 10 ára ábyrgð.

#### Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum.

#### Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi hlutum stólsins:

- Grind
- Hreyfanlegir hlutar

Hreyfanlegir hlutar eru hlutir með hreyfanlega eða stillanlega eiginleika. Ábyrgðin nær yfir alla hreyfanlega hluta sem tilheyra hjólum, gaspumpu, stillibúnaði, armbríkömum og hallabúnaði.

#### Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóttist af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

#### Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum. Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispúr eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef skrifstofustóllinn hefur verið hafður utandyra eða þar sem er raki, til dæmis inni á baðherbergi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

#### Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

#### Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](http://IKEA.is).

## Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

